

Heimskringla

(Stofnun 1906)
Kæmur út á hverjum mánudag.
EIGENDUR:
VIKING PRESS, LTD.
405 og 406 SARGENT AVE., WINNIPEG.
Telefon: 5-6327

Verð blaðsins er 25.00 árgangurinn borg-
laust fyrirfram. Allar borgarar sendist
THE VIKING PRESS LTD.

SIGFRIÐ HALLDÓRS frá Höfnum
Ritstjóri.

JAKOB F. KRISTJÁNSSON,
Ráðsmaður.

Útendurfréttir til blaðsins:
THE VIKING PRESS, Ltd., Box 2105
Útendurfréttir til ritstjórna:
EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 2105
WINNIPEG, MAN.

"Heimskringla is published by
The Viking Press Ltd.
and printed by
CITY PRINTING & PUBLISHING CO.
405-406 Sargent Ave., Winnipeg, Man.
Telephone: 5-6327

WINNIPEG, MAN., 16. DES., 1925.

Friðarhorfur.

Nú fara jólin í hönd, friðarhátíð mann-
kynsins. Þetta eru áttundu jólin síð-
an ófriðnum mikla lauk, en fyrstu jólin,
sem menn hafa séð verulegan friðar-
bjarma á lofti síðan. Sá bjarmi er
endurskin frá Locarno.

Ög er þó ekki næstum hégómlagt, að
tala um friðarbjarma, þegar hyr hárrar
styrjaldar sendir frá sér glóðrauðar gus-
ur víða í heiminum, og kastar myrk-
rauðum feigðarfólkum yfir á bjarmaland
allra friðarvona? Flugvélar Frakka, og
amerískra sjálfboðaliða, sem eru í Marok-
ko í óþökk þjóðar sinnar, spúa dauða og
helvítis yfir konur, börn og gamlenni
norðvestast í Afríku, og á Sýrlandi funar
uppreisnin, eins og eldur í sinu. Að-
ferðir stórveldanna í Kína, að Banda-
ríkjunum undanteknum, eru jafn hættu-
legar og þær eru heimskulegar. Því
þótt flokkarigur og bardagur séu um
Norður- og Mið-Kína, milli innanlands-
höfðingja og herforingja, er berjast um
völdin, þá þurfa Norðurlöf þjóðirnar
ekki að halda að Kínverjar séu jafn laus-
ir á fótunum og reikvilar í ráði gagnvart
útendum yfirgangi nú, og þeir voru um
aldamótin, síðustu, er þeir létu kúgast á
fáum dögum, og erlent ránsvald gat lát-
ið greipar söpa um dýrustu muni, og feg-
urstu list, sem þessi langeltza núlfandi
menninargjöf veraldarinnar átti í fór-
um sínum. Þó er eins og Norðurlöf-
þjóðirnar haldi að Kínverjar séu jafn auð-
veldur biti í háls, nú, sem þá; eins og
þær séu að gagni sínu að gera leik til
þess að espa þá; reyna í þeim þolrifin.
Það er ófriðarblíka í lofti þar eystra og
þýðir ekki að loka augunum fyrir því.
Sú ófriðarblíka er hvorki að kenna
"bolshévikum", þessari brotlegu grýlu,
sem tízkra heimskra manna tæplega get-
ur haldið lífinu í mörg ár enn þá, né
heldur "fáeinum uppbyggðum kínverskum
stúdentum", sem mammonsblindaðir er-
lendir kaupslýslumenn í Kína, er aldrei
grilla víðari sjóndeldarhring en skrif-
stofuveggina, reyna að telja sjálfum sér
og öðrum trú um.

Hún er eingöngu stórveldunum vest-
rænu að kenna. Þau hafa sáð stormi
þar eystra, og mega vel gæta sín að á-
vöxturinn verði ekki fellibylur.

Þrátt fyrir allt þetta eru teikn á al-
þjóðahimni, sem benda til meiri friðfýsi
en áður. Það fer ekki hjá því, að þeim
stjórnmaláðönum fer hraðfækkandi,
sem trú á herskap, tilbíða hann, og
verja æfi sinni hergöðunum til fylgisöf-
unar. Þann flokk manna fylla nú því
nær eingöngu hershöfðingjar og aðmí-
rálar; sem þýkir sælt á sólskinstindum
tignarstöðunum. — Það er fornt mál, að
þeim sem Guð gefi embætti; gefi hann
einnig vitzu til að gegna því. Sé eitthvað
hæft í þessu, þá er oft ástæða til
þess að halda, að sú vitzka sé ekki af
öðrum gáfum tekin, heldur af þeirra eig-
in forða. Því að minsta kosti virðist
það stundum áberandi, sérstaklega með
þá, er gera sér hermenskuna að atvinnu-
vegi, að ef þeir fá sérstakar gáfur til em-
bættisins, þá séu þeir og sviftir skyn-
bragði á flest annað í mannheimi. Líkt
hefir oft mátt segja með stjórnmaláðönum,
að því leyti, að hve refslegir sem þeir voru
í öllum brögðum þeirra dulskákar, er
fram fór milli þeirra á bak við tjöldin,
þá hafa þeir oft verið ærði slöskygnir á
hagsmunum lands, og á þjóðarvilja. En
þetta er sýnilega að breytast. Þeir eru
farnir að leggja meiri stund á mannfé-
lagsþekkingu, en á stjórnmaláðbrögð og
flækjur. Það er líka áberandi að nú á
allra síðustu tímum, er öðum að rena

það tillit, er þeir taka til hershöfðingja-
anna. Á fyrstu friðarsamningafund-
unum varð engum ráðum ráðið, nema
æðstu herforingjar sigurvegaranna væru
þar viðstaddir og — því miður oft — því
nær alvaldir. Þetta gekk fyrstu árin,
sérstaklega í Frakklandi. En þegar í
fyrsta var auðséð að skýrslu Foch's um
vopnabúnað þóðverja, var tekið mjög
daufliga af bandamönnum, sérstaklega
Englendingum, þótt ýms atriði í henni,
algerlega ósönnuð, væru notuð til þess
að halda kyrru setuliði í þýzkum borg-
um fram yfir umsaminna tíma.

Á Locarno fundinum var enginn Foch,
Haig eða Ludendorff. Stjórnmalá-
mennirnir, sem ástæða er til að halda að
séu að öðlast nýjan skilning, kæru sig
ekki um að hafa þá með; þurftu ekki á
þeim að halda. Það er heldur ekki lík-
legt að veröldin hafi nokkurs mist við
fjarveru þeirra.

Þó er langt frá því að vel sé að öllu
leyti um friðarhorfur, því fleira er að var-
ast en stjórnmaláðönum. Grunnhyggir
kaupslýslumenn, sem ítök eiga í nýlend-
um, í Kína og víðar í Asíu eru oftast öf-
ugir bandamenn hergöðsins og æðstu
þjónar hans á jarðri. Öflugri banda-
menn og hættulegri, á þó hermenskan og
öfjofnuðunin þar sem eru ýms óhlutvönd
stórblið, er að eins svyrja um hagsmun-
ina af því sem þau prenta; fitna á Gróu-
sögum, eins eins og drísildjöfúllinn á
blótsyrðunum, og gera því samvitzku-
samlega úlfala úr hverri mýflugu er ber
við sjóndeldarhringinn.

Þessi blöð ala upp lesendur sína svo
að þeim verða kitlarnir nauðsynlegir.
Kitlandi, æsandi nýngar umfram allt.
Mikill meiri hluti mannkynsins er enn á
því stigi, og er af þessum blöðum viljandi
haldið á því; er það því auðveldara sem
slys og óhöpp kalla sýnu meira en vits-
munir og fegurð. Þess vegna leita
þessi blöð engu síður, nema fremur sé,
umsagna verstu slysamanna og óhappa-
valda mannkynsins, en álits beztu og
vitruðu manna.

Af þessu öflugstreymi stafar það, að nú
borga ýms stórblið, amerísk og ensk,
mikið fé fyrir það, að geta flutt lesendum
sínunum álit grunnmyndingsins andlega, ó-
happa og slysamannsins, sem þessi sömu
blöð, af miklum fjálgleik helzt líktu við
djöfúllinn sjálfan, fyrir nokkrum árum
síðan; álit Vilhjálms Þýskalandskeisara.
Þessi blöð, sem þá fundu honum það eitt
til afsökunar, að hann væri, og hefði alt-
af verið, brjálaður maður, flytja nú
margra dálka greinar, af óendanlegu
þvogli, sem fréttaritarnir þeirra hafa rit-
að eftir honum, um hina "gulu hættu",
sem var upphald gandræðisræstar hans,
þegar hann sat í almætti sínu að Pots-
dam, og enn fremur allskonar barnaleg-
ar athugasemdir um jafnvægið í Norður-
álfunni og heiminum yfirleitt.

Vilhjálm keisara hefir ekkert farið
fram. Hann hefir ekkert lært síðustu
tíu árin, enda hafa engir búist við því, af
þeim er bezt þekktur hann. Skoðanir
hans eru friði og velferð alveg jafn
hættulegar nú og þær voru á stjórnar-
árum hans. Samt er öflugstreymið
svo magnað, að einmitt sömu blöðin,
sem kölluðu hann "samvitzkulusann
þorpara", "æðisgenginn barnamorð-
ingja", "blygðunarlausan guðning", o.
fl. þessháttar, öta nú karlaraupmálæði
hans að lesendum sínum, eins og eitthvað
hvert vit væri í þeim. Heima á Þýska-
landi er ekkert mark tekið á honum. En
hjal hans er vatn á myllu allra herfor-
ingja og aðmírála, og skammssýnna kaup-
slýslumanna úr Norðurlöf, sem verzlun
reka í Kína, Asíu og Afríku. Svo að
sumir þeir er óðastir voru að neyða
Lloyd George til þess að lofast til að
hengja keisarann, seltar minningar, eru
nú glaðir og stoltir yfir því að "fyrir-
andi keisari Þýskalands" skuli vera á
líkum skoðunum og þeir. Og alt af er nóg
af fákæningum, sem láta gleypast,
"af því að það stóð í blöðunum;" og kitl-
ana hleypa sér í gönur.

Ófriðarblíkan er svo sem nægilega ó-
gæfuþrungin enn þá, og langt fram yfir
það. Þó er vonjanir friðsólár skærari
yfir þessum jólum en öðrum síðan 1913.
Því þjóðirnar eru að vitkast og stjórn-
maláðönum þeirra með þeim. Ög skyn-
semin ræður hót meira í dag, en her-
foringjar og aðmírálar, — að viðbættum
Vilhjálm Þýskalandskeisara.

Þjóðræki og bókmentir.

Oss barst nýlega í hendur bókaskrá.
Það er skrá yfir íslenskar bækur á bóka-
safni bæjarins Los Angeles. Þegar
skráin er athuguð, kemur í ljós, að þetta
bókasafn getur boðið íslenskum lesend-
um í Los Angeles heim, til þess að njóta

andlegra samvita við flesta ágætustu
nútíðarhöfundu íslenskra, bæði á frum-
sömdu og þýddu máli.

Þar eru bækur eftir góðkunnna höf-
unda, sem ómögulegt er að komast yfir
hér í Winnipeg með illu eða góðu. Sömu-
leiðis bækur eftir allra yngstu höfund-
ana, sem vér hér í Winnipeg höfum ald-
rei heyrt getið um, eða þekkjum að
minsta kosti engin deili á. Því þau
hafa ekki verið auðlesin, vonablaðin í
Bragatúni Íslendinga austan hafs, á
þessum síðustu og verstu tímum.

Hér er bókasafn gefið af Carnegie,
sem bærinn á. Þar eru leifar af ís-
lenzku bókasafni, sem hefir verið allgott
fyrir svo sem 15—20 árum síðan. Síð-
an á ófriðartímum virðist ekki ein ein-
asta bók hafa verið keypt eða gefin í
bók safn. Er það að vísu ekki furðu-
legra en að frá sama tíma að telja, virð-
ast yfirleitt engar bækur ritaðar á er-
lenda tungu verið fengnar á það dá-
samlega safn. Það sem til er af því
tæli eru mest 100 ára gamlir höfundar.
Leifar þessa íslenska bókasafns hafa
auðsáanlega verið illa hirtar. Marg-
ar bækur hálf- og alfrinnar upp úr kjöli,
og hvít eyðublið bunnin í skörðin.

Þeir hafa rænu á því fámenninngarnir
íslenzku í Los Angeles, sem dreifir eru
um flæmi borgarinnar, að sjá sér og
niðjum sínum fyrir svaladrykk af brunni
íslenskra samtíðarbókmenta. En hér
í Winnipeg erum vér, þrjú eða fimpi þús-
und Íslendingar, sem komum saman
einu sinni á ári, til þess að leika þjóð-
ræki í Goðtemplarahúsinu — og látum
oss það nægja. Vér þykjast eiga
hér íslenskt Aðalstræti í borginni, og er-
um stoltir af við ferðamenn, en vér get-
um ómögulega komið oss saman
samkomusal, með bókasafni. Það
kitlar hégómaginni vora, að lesa um-
mæli matra manna, er gista oss að aust-
an, eins og Einar H. Kvaran og Steingr-
ims Matthíassonar, um áhuga vörn og
stolt yfir Íslendingseðlinu; en að leggja
á oss 50 senta nefskatt á ári til þess að
eiga þau í raun og veru skilið, það fáum
vér oss ekki til.

Hér eru jafnmörg þúsund Íslendinga
í Winnipeg, eða fleiri, en hundruð eru í
Los Angeles. Samt lítur svo út, sem
þeir láti sér annara um þá taug er lig-
gur til föðurtúna, en vér. Erum vér
þetta ver kristnir, þrátt fyrir íslenskar
kirkjur og kennimenn meðal vor, að vér
séum að verða gleymarnir á fjórða boð-
orðið en þeir? Eða erum vér að úr-
kynjast af of langri dvöl í sama stað?
Það er nokkuð snemt, ef svo er. Svo
gamlir eru fæstir orðnir í landinu er ís-
lenzka tungu mæla og skilja enn þá.
En eitthvað töluvert er að hjá oss.
Skyldi vera hægt að styðja fingri á mein-
semdina?

Aðventa.

Jólin eru fyrir dýrum. Mennirnir fagna.
Yfir hverju? Sumir án efa yfir voninni um
jólágjafir; aðrir yfir því, að þá fer ljósið að
vinna sigur yfir myrkrunu, sólin að hækka á
lofti, dagurinn að lengjast; og ef til vill fagna
nokkrir yfir friðnum og samúðinni sem um
jólaleytið virðist oft leitað við að breiða mjúka
toð yfir mestu ójónum mannfélagsins, svo
ofurlitið minna beri á þeim. Ökkur er sagt,
að þegar Jesús fæddist austur í Gyðingalandi
fyrir rúmum 19 öldum, hafi himneskir sendi-
boðar birst og sungið um frið á jörðu meðal
mannanna. Friðarhöfðinginn var að koma
til barna jarðarinnar, meistarinn, er leidda vildi
alla menn að fótstör guðs, og gera þá "sam-
þægna í heimsveldi kærleikans." Koma hans
hafi verið boðuð fyrirfram, og reynt hafið
verði til að búa honum greiða braut. Árang-
urinn af því starfi var litill; koma hans var
illa undir buin. Ófæddum var honum út-
hýst, og áframhaldið var svipað. Hvervetna
mætti honum skilningsleysi á þeim fagnaðar-
boðskap, er hann var að flytja mönnum.
Auðvald og klerkastétt höfðu hann og ofsóttu.
Þessir leiðtogar lýðsins skildu ekki tign þess
meistarara, sem ekkert háseti átti, nema "stei-
ninn hjá alfaravegi." Lok fengu þeir Júde-
a til að svikja hann fyrir guð, og heimskan lýð-
inn til að hrópa: "Ekki þennan, heldur Barra-
bas". — Meistarinn var krossfestur. — — —
— 19 aldir eru langur tími, enda hefir
margt tekið stakkaskiftum síðan þetta skeði.
Kynsöðirnir hafa sveipað meistaran Krist í
heilgjóma átrúnaðar og tilbeiðslu. Miljónir
á miljónir ofan hafa beygt sig í duftið fyrir
nafni hans, flutt honum lofsöngva og bæni,
reist honum kirkjur og kapellur. Í fám orð-
um sagt, gert hann að trúarléitoga sínum —
en því miður að langmestu leyti að eins í orði.
Fari maður að svipast um og ihuga hve dyggi-
lega þjóðirnar, er kenna sig við nafn Krists,
hafa fylgt leiðsögn hans, þá koma manni til
hugar orð eins hins mesta rithöfundar, sem

nú er uppi: "Þroskað til þjóð gerir
andlega mikilmennið að guði," allir
tilbiðja hann, en enginn hlýðir
kenningum hans.

Fyrir skömmu las eg í blaðinu
"Lögberg" greinarkorn, sem nefnt
er "Anno Domini." Er það tekið
úr "Free Press" 1923. Hefir þjóð-
andinn, sem auðsáanlega er grein-
icni hjartanlega sammála, viljað
auðga okkur "landa" með þessu
andlega guðkorni, svona rétt fyrir
jólin, og virða skal goðan vilja.

Eg veit ekki hvað öðrum kann að
finnast, en mér finst grein þessi
eftirtektaverð. Höfundur byrjar
á því, að geta þess, að með orðun-
um "Anno Domini" hafi Jesús frá
Betlehem sett mark sitt á aldirnar,
hann sé konungur tímans. Í hvert
sinn sem sendibréfi eða fréttablaði
sé dagsett, reikningur útfærinn eða
lagaskjal, þá sé "Jesús frá Betlehem
heirðabur." Þá getur höf. þess
hve litið Jesús hafi ferðast á hér-
vistar dögum sínum, og heldur svo
áfram á þessa leið: "Nú er hann
kominn til allra landa; myndar þar
félög, byggir skóla og sjúkrahús,
mótar löggjöf þjóðanna og félags-
þing." Það var einkum þetta,
sem vakti undrun mína. Vel má
vera að hægt sé að segja, að andi
Krists sé ríkjandi að einhverju leyti
í skólum, sjúkrahúsum og sumum
félögum, en þegar maður sér því
haldið fram að hann "móti löggjöf
þjóðanna," svona yfirleitt, þá þarf
maður að lesa þrisvar til þess að
trúa sínum eigin augum. Ham-
inginn góða! Hvernig er henni
varið Kristshugmynd þeirra manna
er slika fullyrðingu láta frá sér
fara? Ber "organization" þjóðfé-
laganna þann blá á sér, — — — — —
að benda nafn Krists við hana?
Hugsum okkur t. d. hina svonefndu
"frjálsu samkeppi," þennan villi-
mannlega hnefarétt, sem leiðir af
sér á annan bóginn: auðvalds kúgun,
óhöf, iðjuleysi, andlegt niðurdrep,
grimd og glepi; á hinn bóginn: ör-
birgð, þrælkun, heilsuleysi, glepi o.
s. frv. Löggjöfum og öðrum leið-
andi mönnum þjóðfélaganna finst
vist vel fletum ekkert við þetta á-
stand að athuga, og eru hreyknir
yfir snild sinni og leikni í því að
"organisera"! En hvað mundi Krist-
ur segja? Mundi honum finnst
sér mikill heiður ger með því að
segja að þetta hafi hann "mótað"?
Seinna í þessari sömu grein erum
við fræddir á því að friðarsam-
ingarnir í Versölum hafi farið fram
"undir formensku Jesú." Etlí að
þjóðverjum hafi fundist það? Ög
hvernig var það með hann Wilson
Bandaríkjaforseta, hafði hann ekki
eitthvað við þá friðargerð að at-
huga?

Eg held að menn ættu ekki að
vera ofljótir á sér að dást að
kristilegu fyrirkomulagi meðal þjóð-
félaganna, heldur vinna að því eft-
ir mætti, að einhverntíma renni sú
öld upp, að Kristur verði leiðtogi
þjóðanna, meira enn í orðinu að
eins. Greinar slíkar sem sú, er eg
hefi hér getið um, eru að minsta
kosti tilraun í þá átt að fá menn til
að snúa hugarum frá öllum þjóðfé-
lagslegum endurbótum; andi Krists
hafi þegar sett mót sitt á samfé-
lagið, við höfum ekki að neinu
hærra að keppa, alt sé fullkomnað.
Auðvitað hljóta þó allir, sem ekki
algjörlega "hljóta sofandi að feigð-
arosi," að sjá hve algjör vitfirring
slík hugsun er. — En ef til vill mis-
skil eg þennan greinarhöfund, ef til
vill á hann að eins við það og ekk-
ert annað, að Kristur sé "konungur
tímans," við fæðingu hans séu ár-
tölin miðuð. En ef orðin "Anno
Domini" eru það eina sem bendir á
að þjóðirnar hliti leiðsögn Krists,
væri þá ekki hæmt að beygja höf-
uð í Nýgöðun — og þægja. Ein-
hvern veginn grunar mig að meist-
arinn hafi hugsað sér sigur sinn,
meðal manna á nokkuð annan
hátt.

Nei, mannkynið á enn óraleis á
því marki er Kristur bendir til og
það "ferðalag gengur svo grátlega
seint." Til þess finna allir beztu
menn heimans, og líta í kringum sig
eftir hjálpi til að flyta ferðinni of-
urliðið. Þeir vita að mjög ákveð-
in stefnubreyting — byltung þarf að
verða í lífi þjóðanna, ef nokkurn-
tíma á að takast að stofna friðarríki
Krists á jörðu hér. Sumir renna
vonaugum til kirkjunnar og vænta



DODD'S nýrnapiillur eru beztu
nýrnamedalíð. Lækna og gigt,
bakverki, hjartabilun, þvag-
teppu, og önnur veikindi, sem
stafa frá nýrnum. — Dodd's
Kidney Pills kosta 50c askjan,
eða 6 öskjur fyrir \$2.50, og fást
hjá öllum lyfsgöllum, eða frá
The Dodds Medicine Co., Ltd.
Toronto, Ontario.

þaðan hjálpar, vænta þess að hún
hætti nú að vera ambátt auðvalds,
en snúi sér að því fyrir alvöru að
safna mönnum undir merki þess
meistarara, er hún kemir sig við.
Nýlega var kirkjufundur haldinn í
höfuðborg Svíþjóðar, Stokkhólmi,
og sóttu þann fund fulltrúar frá öll-
um deildum innan kristnu kirkjunnar,
að rómversk-kaþólski undan-
skilinni. (Sem hefur hinn "óskeik-
ula" páfa). Séra Ragnar E. Kvar-
an, sagði frá gerðum þessa fundar
í ágættri ræðu, er hann flutti nýlega,
og birt var í "Heimskringlu." Eftir
samþykktum þeim að dæma er fund-
armenn gerðu virtist sem hugir
þeirra hafi mjög hneigst í áttina að
þjóðfélagsmótun, og að þeim hafi
skilið, að kirkjan ætti ekki hvað
sist að gerast talsmaður þeirrar
hreyfingar er leiddi til meira jafn-
rættis og bræðralags innan þjóðfé-
laganna. Vel er, ef vakningaralda
er nú að rísa innan kirkjunnar. Vel
er, ef ekki verður látið sitja við
orðin töm, en hafist handa til að
bæta fyrir gamlar vanrækslusyndir.
En mikilla áberða þarf við og stýra
verður kirkjan í aðra átt en hún
hingað til hefir gjört. Fram á
þennan dag hefir hún lagt blessun
sína yfir hernað og bræðragir, og
þegar við ihugum, að það er "kirkja
Krists" er slíkt gerir, þá skilja þeir
einnar bezt hve algerlega hún hefir
brugðist hlutverki sínu. Svo mikil-
um mætti hefir þó kirkjan átt yfir
að ráða, að langt mundi hún vera
komin í því starfi að afvopna þjóð-
irnar og stofna varanlegan frið á
jörðu, ef hún hefði ráðt þá helg-
ustu skyldu sína. Ög á því getur
litill vafi verið að harmleikur slík-
ur sem heimstýrjöldin, hefði ekki
getað átt sér stað, ef kirkjan hefði
í raun og sannleika verið kristin á
undanförnum öldum. Ög hvað á
maður að hugsa, er maður heyrir
þess getið, að "kristnar" þjóðir í Ev-
öld upp, að Kristur verði leiðtogi
þjóðanna, meira enn í orðinu að
eins. Greinar slíkar sem sú, er eg
hefi hér getið um, eru að minsta
kosti tilraun í þá átt að fá menn til
að snúa hugarum frá öllum þjóðfé-
lagslegum endurbótum; andi Krists
hafi þegar sett mót sitt á samfé-
lagið, við höfum ekki að neinu
hærra að keppa, alt sé fullkomnað.

Auðvitað hljóta þó allir, sem ekki
algjörlega "hljóta sofandi að feigð-
arosi," að sjá hve algjör vitfirring
slík hugsun er. — En ef til vill mis-
skil eg þennan greinarhöfund, ef til
vill á hann að eins við það og ekk-
ert annað, að Kristur sé "konungur
tímans," við fæðingu hans séu ár-
tölin miðuð. En ef orðin "Anno
Domini" eru það eina sem bendir á
að þjóðirnar hliti leiðsögn Krists,
væri þá ekki hæmt að beygja höf-
uð í Nýgöðun — og þægja. Ein-
hvern veginn grunar mig að meist-
arinn hafi hugsað sér sigur sinn,
meðal manna á nokkuð annan
hátt.

Nei, mannkynið á enn óraleis á
því marki er Kristur bendir til og
það "ferðalag gengur svo grátlega
seint." Til þess finna allir beztu
menn heimans, og líta í kringum sig
eftir hjálpi til að flyta ferðinni of-
urliðið. Þeir vita að mjög ákveð-
in stefnubreyting — byltung þarf að
verða í lífi þjóðanna, ef nokkurn-
tíma á að takast að stofna friðarríki
Krists á jörðu hér. Sumir renna
vonaugum til kirkjunnar og vænta

um þess verðir að þekkja hann, þeg-